

Fjármálaeftirlitið

Ávarp stjórnarformanns á ársfundinum 29. okt. 2002.

Góðir fundargestir,

Fyrir hönd stjórnar Fjármálaeftirlitsins býð ég ykkur velkomin til fjórða ársfundar þess. Á dagsskrá fundarins verða tvö erindi, annað flyt ég sem fulltrúi stjórnar eftirlitsins en hitt Páll Gunnar Pálsson, forstjóri. Í mínu erindi mun ég fara nokkrum orðum um þá umræðu sem fram hefur farið erlendis undanfarna mánuði í framhaldi af því að ýmis stór fyrirtæki í Bandaríkjunum hafa orðið uppvis að því að hagræða tölum í reikningsskilum sínum í meira mæli en sæmilegt þykir. Þessa umræðu reyni ég síðan að setja í samhengi við stöðu mála hér á landi. Í öðru lagi langar mig að gera að umtalsefni sérstakar reglur sem Alþjóðlega reikningsskilaráðið hefur sett um upplýsingagjöf í reikningsskilum vegna viðskipta milli venslaðrar aðila (e. related-party transactions), sem ég tel af ýmsum ástæðum tímabært að vekja máls á. Loks mun ég gera grein fyrir reikningsskilum eftirlitsins og áætlanagerð fyrir næsta starfsár. Páll mun að venju gera grein fyrir helstu viðfangsefnum eftirlitsins á síðasta starfsári, auk umfjöllunar um áhersluatriði í starfsemi eftirlitsins á næstu mánuðum.

Því hefur verið haldið fram og vafalaust með réttu að upplýsingar séu lífæð fjármagnsmarkaða. Fjárfestar leggja fram áhættufé á grundvelli upplýsinga sem þurfa vera áreiðanlegar og tímanlegar. Þá þurfa þær að birtast fjárfestum og öðrum á þann hátt að þær séu skiljanlegar og auðvelt að greina. Nú hefur það gerst, sérstaklega í Bandaríkjunum á síðustu mánuðum, að ýmislegt þykir hafa misfarist í reikningsskilum fyrirtækja á fjármagnsmarkaði, svo að tiltrú manna á efni þeirra hefur rýrnað mjög með þeim afleiðingum að verð á hlutabréfamarkaði hefur ekki aðeins fallið í þeim fyrirtækjum, sem hafa orðið uppvis að rangfærslum, heldur einnig á markaðnum almennt. Við þessar aðstæður er eðlilegt að þeir sem vinna á sviði reikningsskilagerðar spyrji sig, hvað sé til úrræða, svo að tiltrú manna á efni reikningsskila megi aukast á ný. Rétt þykir að taka skýrt fram, þó að ég muni hér ekki gera það að umtalsefni að öðru leyti, að dvínun á tiltrú markaðarins stafar ekki aðeins af meintum vandamálum í reikningsskilagerð, heldur á ýmsum öðrum sviðum, svo sem í stjórnun fyrirtækja, eftirlitsskyldur stjórnar og hæfi hennar hafa einnig komið til tals af þessu tilefni, svo og þátttaka verðbréfafyrirtækja, banka og endurskoðenda í þeim brögðum sem beitt hefur verið til að villa markaðnum sýn um raunverulega stöðu og framvindu í rekstri tiltekinna fyrirtækja á markaði.

Hér á eftir ætla ég að fara nokkrum orðum um þróun regluverks á sviði reikningsskila í Bandaríkjunum og í Bretlandi og setja þá umræðu í samband við ástand og horfur í þessum efnunum hér á landi. Vonandi er það svo, að við getum lært af reynslu annarra þjóða á þessu sviði, svo að við þurfum ekki, í okkar þróunarsögu, að falla í sömu pytti og aðrir.

Í grófum dráttum má skipta þróunarsögunni á sviði reikningsskila í Bandaríkjunum í þrjú tímabil. Á fyrsta tímabilinu sem stóð yfir fram að hruni á verðbréfamarkaði og kreppunni miklu í lok þriðja og byrjun fjórða áratugarins, giltu nánast engar reglur á sviði reikningsskila; einhvers konar “laissez-faire” stefna var allsráðandi. Því hefur verið raunar verið haldið fram í greiningu á hruninu síðar, að þetta regluleysi hafa verið áhrifamikill orsakavaldur hrunsins á markaði, þó að aðrir skýringarkostir komi þar vissulega einnig við sögu og skipti vafalaust meira máli. Með stofnun fjármálaeftirlitsins, SEC (e. Securities and Exchange Commission), á árinu 1934 var ákveðið að það

hefði vald til þess að skipa fyrir í þessum efnunum. Stofnunin ákvað þó að framselja það vald til félagsskapar endurskoðenda þar í landi og hófst þá annað tímabilið í þessari þróunarsögu. Því lauk í byrjun áttunda áratugarins, tæplega fjörutíu árum síðar, á árinu 1973, þegar efni þóttu til þess að fjölga þátttakendum í reglusmíðarhlutverkinu. Raunar höfðu þær tvær nefndir endurskoðenda, sem sinntu þessu hlutverki, sætt talsverði gagnrýni og þóttu þær í ýmsum greinum draga taum fyrirtækjanna um of, en ekki sinna notendum reikningsskila, þ.e. fjárfestum og öðrum fjármagnseigendum í nægilega ríkum mæli. Við þessar aðstæður var þriðja nefndin skipuð og starfar hún enn, FASB (e. Financial Accounting Standards Board). Nefndin er skipuð sjö mönnum í fullu starfi og hefur hún her manna sér til aðstoðar. Nefndarmenn koma úr ýmsum áttum en þar eiga m.a. sæti fulltrúar atvinnulífsins, verðbréfa- og fjármagnsmarkaðarins, endurskoðendur og menn úr samtökum háskólakennara á þessu sviði. Þessi skipan mála stendur enn og er ekki að sjá að neinna breytinga sé að vænta í þeim efnunum, enda sýnist skipulagið vera vel til þess fallið að sinna sínu hlutverki.

Það er þó ekki þannig, að FASB hafi ekki sætt gagnrýni og hefur á ýmsum tímum gustað nokkuð um nefndina, m.a. eru þess dæmi að þolendur reglna nefndarinnar hafi farið í mótmælagöngur með kröfuspjöld. Mér sýnist nefndin aðallega hafa þurft að sæta ámæli fyrir það að hafa ekki tekið nægilegt tillit til sérhagsmuna, sem hún telur raunar ekki við hæfi, enda aðallega sett reglur sem gilda um fyrirtæki almennt. Til dæmis fékk nefndin gagnrýni úr röðum atvinnulífs og þingmanna fyrir reglur um meðhöndlun sérstaks afsláttar í tekjuskatti vegna fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum. Einnig fékk hún talsverðar skammir frá sömu aðilum vegna reglusmíði um kaupréttarsamninga til forráðamanna fyrirtækja. Í hvoru tveggja tilvikinu stóð nefndin þó upprétt eftir umræðuna, enda voru gagnrýnendur fyrst og fremst þrýstihópar og fulltrúar þeirra sem voru einkum að sinna sérhagsmunapotí. Um þessar mundir stendur FASB nefndin enn í ný í varnarstöðu vegna þeirra fjárvikamála sem upp hafa komið á síðustu mánuðum.

Í sjálfu sér er fullkomlega eðlilegt, að farið sé yfir allan leikvöllinn og bandaríska reikningsskilaráðið verði eins og aðrir að skýra sína stöðu við þær aðstæður sem nú eru uppi. Það hefur hún gert í þessum málum og mér sýnist hún hafa fimlega varist fyrir eftirlitsnefndum bandaríska þingsins og annarra sem sótt hafa fram. Hún heldur því t.d. fram, að regluverkinu á sviði reikningsskila sé ekki um að kenna í tilviki Enron-málsins svokallaða, heldur hafi aðrir brugðist í því máli. Reglurnar voru til staðar en ekki var farið eftir þeim. Því hafi eftirlitsaðilarnir brugðist, einkum stjórn fyrirtækisins og endurskoðendur, en ábyrgðin að öðru leyti hvíli hjá forráðamönnum fyrirtækisins. Þó að bankar og verðbréfafyrirtæki gegni ekki eftirlitsskyldum í þessu sambandi bera þessir aðilar þó einhverja ábyrgð einnig, þar sem fyrir liggur að þeir véluðu um það með forráðamönnum fyrirtækisins hvernig feluleikurinn um raunverulega afkomu- og efnahag fyrirtækisins var settur á svið.

Umræðan hefur einkum beinst að því hvernig það mátti gerast að fyrirtækinu tókst að koma skuldum að fjárhæð 25 milljarðar dollara framhjá efnahagsreikningi en bókfærðar skuldir fyrirtækisins, sem það taldi vera í samræmi við góða reikningsskilavenju, námu hins vegar aðeins 13 milljörðum dollara, eða um einum þriðja hluta af heildarskuldum fyrirtækisins, þegar allt er skoðað. Sama dag og forráðamenn fyrirtækisins lögðu fram þriðja árshlutauppgjör þess fyrir árið 2001, þ.e. 19. nóvember 2001, funduðu þeir með bankastjórum viðskiptabanka fyrirtækisins og lögðu þá fram listann um skuldir utan efnahagsreiknings. Aðeins nokkrum dögum síðar hrundi verð fyrirtækisins á markaði og hinn svokallaði skilvirki markaður varð að játa 70 milljarða dollara tap fyrir fjárfesta.

Þó að bandaríska reikningsskilaráðið hafi ekki fallist á, að reglur þess um fyrirtæki með sérstakan tilgang (eða á ensku “special purpose entities”) hafi brugðist, heldur hafi þær verið brotnar, þá hefur ráðið samt sem áður fallist á að rétt sé að athuga hvort framsetning reglna frá ráðinu sé til þess fallin að fyrirtæki leiti beinlínis leiða til þess að sneiða hjá reglunum. Fyrir aðeins viku síðan tilkynnti FASB-nefndin, að vinna væri nú að hefjast um þetta mál. Hér er kominn upp á yfirborðið ágreiningur sem verið hefur á milli reglusmiðaraðila á sviði reikningsskila, þ.e. annars vegar bandarísku nefndarinnar og hins vegar alþjóðlegu nefndarinnar og raunar einnig þeirrar bresku. Reglur bandarísku nefndarinnar hafa verið mjög nákvæmar – á ensku stundum kallaðar “cook-book approach” - en reglur hinna nefndanna meginreglur, þar sem markmið er tilgreind eða á ensku “principles-based approach”, og notendur reglnanna beðnir um að leita að og vinna í anda þeirra – (e. spirit of principles). Formaður alþjóðlega reikningsskilaráðsins, Sir David Tweedie, hefur sagt og hefur ugglaut mikið til síns máls, að “matreiðslubókaraðferðin”, ef svo má segja, leiði til þess að menn vinni á þessu sviði eftir viðhorfinu “það stendur hvergi að ég megi gera þetta svona”, enda geti aðferðin aldrei náð til allra tilvika. Hin aðferðafræðin er að hans dómi miklu affarasælli fyrir umheiminn og leiði frekar til gegnsæis í reikningsskilagerð, sem er lykilorð í umræðunni um þessar mundir. Ljóst má vera, að bandaríska reikningsskilaráðinu finnst þessi umræða ekki einkenna reglur ráðsins að öllu leyti, en það er þó allrar athygli vert, að það hefur nú ákveðið að fara í einhvers konar naflaskoðun um þessi meginviðhorf til reglusmiðinnar.

Í Bretlandi sættu reikningsskil fyrirtækja á verðbréfaþingi verulegri gagnrýni fyrir um það bil tuttugu árum, enda kom þar upp hvert hneykslismálið á eftir öðru á því sviði, og hugtakið skapandi eða skáldleg reikningsskil – á ensku “creative accounting” – varð til. Til höfuðs þeim æfingum var sett endurskipað reikningsskilaráð undir forystu áðurnefnds Sir David Tweedie. Í byrjun níunda áratugarins giltu reglur í Bretlandi á sviði reikningsskila, sem sóttu grunn sinn í tilskipanir Evrópusambandsins og voru í lögum um fyrirtæki – á ensku “Companies Act”. Heimild var þó til þess að víkja frá þeim reglum sem kveðið var á um í lögum, ef þær þóttu ekki nógu sanngjarnar eða gefa nægilega trúverðuga mynd af rekstri og efnahag – á ensku “true and fair view”. Á grundvelli þeirrar fráviksheimildar (e. true and fair override) hefur breska reikningsskilaráðið starfað og með það markmið að leiðarljósi að setja meginreglur með hliðsjón af tilgangi reikningsskilagerðarinnar almennt fremur en nákvæmnisreglur að hætti Bandaríkjamanna. Þó enn megi vafalaust finna veika bletti á breskum reglum um reikningsskil, er það mál manna að almennt hafi vel tekist til hjá Bretum með þessu vinnulagi, þó að formaður ráðsins, Tweedie, lýsi því ekki afdráttarlaust yfir, þegar hann var spurður um það hvernig gengi í baráttunni við skáldleg reikningsskil í Bretlandi, en hann svaraði þá á þessa lund: “Við hjá breska reikningsskilaráðinu erum eins og rangeygði spjótakastarinn á Ólympíuleikunum; það er ekki víst að við vinnum, en það munu allir sjá ástæðu til þess að fylgjast vandlega með okkur”.

Mér er ekki kunnugt um alvarlegar rangfærslur í reikningsskilum fyrirtækja hér á landi, eftir stofnun verðbréfamarkaðar eða hjá eftirlitsskyldum aðilum, sem hafa valdið verulegum tjónum af þeirri stærðargráðu hlutfallslega og hafa orðið hjá Bretum og Bandaríkjamönnum. Því ber auðvitað að fagna, ef rétt er, en hins vegar sýnist mér að góður jarðvegur sé til þess að stunda skapandi eða skáldleg reikningsskil hér á landi, enda byggir regluverkið öðrum þræði á sömu reglum, þ.e. tilskipunum Evrópusambandsins, sem Bretar hafa nánast hafnað með reglusmíði sinni. Það voru m.a. reglur Evrópusambandsins sem gáfu færi á því svigrúmi til afkomu- og efnahagsmælinga, sem gagnrýni hlaut þar í landi.

Lög um ársreikninga, sem hér á landi liggja til grundvallar reikningsskilum, eru fyrst og fremst byggð á tilskipunum Evrópusambandsins. Þó að reglur þessar séu að mörgu leyti ágætar, þá er aðalgalli þeirra sá að þær hafa hvergi nærri fylgt eftir þeirri þróun sem orðið hefur á sviði afkomu- og efnahagsmælinga fyrirtækja, einkum reglum frá Alþjóðlega reikningsskilaráðinu. Íslenska reikningsskilaráðið hefur gert sér grein fyrir þessum mun, en hefur sig lítið getað hrært, enda hefur það ekki heimild til þess að setja reglur, þó að þær séu í samræmi við erlendar fyrirmyndir, sem stangast á við gildandi ákvæði laga. Um þessar mundir stendur yfir endurskoðun á lögum um ársreikninga og er það vel og raunar löngu tímabært. Nefndin sýnist fyrst í stað a.m.k. ætla sér að laga ársreikningalögin vegna framkominnar gagnrýni ESA (Eftirlitsstofnunar Evrópusambandsins) á misræmi milli laganna og tilskipananna; það er gott mál svo langt sem það nær.

En miklu meira þarf að koma til. Evrópusambandið hefur nú þegar samþykkt fyrir sitt leyti að reglur Alþjóðlega reikningsskilaráðsins megi gilda um gerð samstæðureikningsskila fyrirtækja á verðbréfaþingum sambandsins fyrir árið 2005. Auk þess hefur Evrópusambandið samþykkt breytingar á tilskipunum sem varða skráningu verðbréfa og fjármálagerninga hvers konar. Þær reglur verður að samþykkja fyrir árslok 2004; þá vinnu verður einnig að setja sem fyrst í gang, eins og ég gerði raunar að umtalsefni á þessum vettvangi fyrir ári síðan. Loks hefur sérstök nefnd á vegum Evrópusambandsins samþykkt að reglur Alþjóðlega reikningsskilaráðsins skuli almennt gilda. Þessu öllu hafa margir orðið til að fagna, því þá varð loks ljóst, að Evrópusambandið hefur að mestu látið af þeim áformum að vera reglusmíðaraðili á þessu sviði. Það er með hliðsjón af þessu, sem mikil samhæfingarvinna stendur nú yfir um víða veröld á sviði reikningsskila, þ.e. samhæfing á milli innlendra reglna og alþjóðlegra – á ensku “convergence process”; því miður er þessi vinna vart hafin hér á landi. Sumar þjóðir hafa raunar gengið svo langt að samþykkja reglur Alþjóðlega reikningsskilaráðsins í lög og það gerðu þær sumar áður en stjórnskipulagi ráðsins var breytt, en því var breytt til þess að gera stöðu ráðsins sterkari í alþjóðlegu umhverfi.

Ég tel, að flestir endurskoðendur hér á landi og aðrir sérfræðingar á sviði reikningsskila, hvort sem þeir starfa hjá fyrirtækjum í venjulegum atvinnurekstri, verðbréfafyrirtækjum og öðrum fjármálastofnunum, eða opinberum eftirlitsstofnunum, séu þeirrar skoðunar að sem fyrst beri að samhæfa íslenskt regluverk á sviði reikningsskila þessari alþjóðlegu þróun. Reglur alþjóðlegu nefndarinnar gilda einkum fyrir fyrirtæki á verðbréfaþingum og aðila sem eru í eftirlitsskyldri starfsemi. Af þeim sökum verður einnig að huga að því, svo ekki séu gerðar óeðlilega miklar kröfur til lítilla fyrirtækja að þessu leyti, að sérreglur gildi með einhverjum hætti um þau.

Ég vek að lokum athygli á því, að nú starfa meðal annarra tvær nefndir á vegum Alþjóðlega reikningsskilaráðsins, sem eru að endurskoða reglur um reikningsskil váttryggingafyrirtækja og fjármálafyrirtækja. Fyrr nefndin fjallar um skilgreiningar á hugtökum sem fyrir koma í reikningsskilum váttryggingafyrirtækja og hvernig má mæla betur en nú er frammistöðu á ráðsmennsku með peningalegar eignir. Hin nefndin, sem skila skal fyrstu drögum að áliti á næsta

ári, vinnur að samhæfingu á reglum um reikningsskil fjármálafyrirtækja og þeirrar miklu þróunar sem átt hefur sér stað hjá þeim sjálfum í mælingum á frammistöðu rekstrar og þeim ýmsu tegundum af áhættu sem þessi fyrirtæki búa við. Það er því, með hliðsjón af þessu, gild ástæða til þess, ekki aðeins fyrir fyrirtæki á verðbréfabingi, heldur einnig aðila í eftirlitsskyldri starfsemi, að fylgjast vel með reglum Alþjóðlega reikningsskilaráðsins á næstu misserum.

Þá langar mig að fara örfáum orðum um reglur um upplýsingar í reikningsskilum vegna viðskipta milli venslaðra aðila – á ensku “related-party transactions”. Í íslenskum lögum og reglum er ekki að finna ítarlegt efni um upplýsingaskyldu um slík viðskipti og er það miður, því tilefni til frásagnar af þessum tegundum viðskipta sýnast hafa gefist hér á landi, eins og annars staðar. Alþjóðlega reikningsskilaráðið hefur á hinn bóginn sett sérstakar reglur um efnið og hér á eftir ætla ég í stuttu máli að greina frá þeim; þær hljóta raunar fyrr eða síðar að ganga í gildi hér á landi, sbr. það sem ég sagði hér áðan.

Venslaðir aðilar eru þeir sem hafa virk yfirráð yfir öðrum eða hafa veruleg áhrif á þá við fjármálalegar eða rekstrarlegar ákvarðanir. Venslaðir aðilar geta bæði verið fyrirtæki eða einstaklingar í lykilstöðum, svo sem í framkvæmdastjórn eða stjórn. Með virkum yfirráðum – á ensku “controlling interest” - er átt beint eða óbeint eignarhald, þar sem um meirihluta atkvæðamagns er að ræða. Venjulegast þýða virk yfirráð meira en 50% eignarhald en það getur verið minna sé aðild að viðkomandi fyrirtæki dreifð. Veruleg áhrif – á ensku “significant influence” – tákna að viðkomandi tekur þátt í rekstrarlegum ákvörðunum sem og ákvörðunum sem lúta af fjármögnun fyrirtækis. Slíkum áhrifum geta menn náð m.a. með stjórnarsetu.

Fullnægi fyrirtæki eða einstaklingar þeim skilgreiningum sem settar eru um venslaða aðila, ber í reikningsskilum að veita ítarlega upplýsingar um viðskipti á milli þeirra og viðkomandi fyrirtækis. Samkvæmt þeim kröfum sem Alþjóðlega reikningsskilaráðið hefur sett skal veita upplýsingar um heildartekjur eða heildarkostnað af viðskiptum við venslaða aðila, sem og upplýsingar um viðskiptastöðu á milli aðila. Nafngreina þarf þau fyrirtæki og einstaklinga sem krafan tekur til og greina frá eignarhlutdeild. Auk þess skal skýra frá verðlagningarreglum viðkomandi fyrirtækis gagnvart vensluðum aðilum. Þá gerir alþjóðlega ráðið kröfu um að upplýsingar séu veittar um launakjör til stjórnarmanna og þátttöku þeirra í kaupréttarsamningum ef við á.

Í gögnum frá Alþjóðlega reikningsskilaráðinu kemur fram að upplýsa þurfi um viðskipti embættismanna fyrirtækis, þ.m.t. stjórnarmanna og maka þeirra, um viðskipti þessara aðila við fyrirtækið, svo og skulda eða inneignarstöðu þeirra eftir því sem við á. Þá ber einnig að greina frá því í skýringum við hverja telst vera samband sem venslaðir aðilar, jafnvel þótt engin viðskipti hafi farið fram á milli þessara aðila á því ári sem reikningsskilin taka til. Ljóst er, að þessar reglur eru talsvert ítarlegri en þær fábrotnu reglur sem á þessu sviði gilda hér á landi og einhverjum kann að þykja að þær gangi of langt í upplýsingagjöf. Minnt skal þó á, að þessar alþjóðlegu reglur eru settar undir formerkjum gegnsæis í viðskiptum á milli aðila, sem með einum eða öðrum hætti teljast vera venslaðir. Reglur þessar þykja hafa leitt af sér talsvert markaðsaðhald.

Vík ég þá að lokum að rekstri Fjármálaeftirlitsins á árinu 2001. Samkvæmt lögum um eftirlitið skal stjórn þess fylgjast með rekstrinum en það gerir hún m.a. með reglulegum samanburði á áætlunum og framvindu rekstrar. Mánaðarlega eru lögð fyrir stjórn yfirlit sem sýna samanburð á raunverulegum kostnaði og áætlunum fyrir viðkomandi tímabil og þannig gefst stjórn færi á að gera athugasemdir sé til þess ástæða og fá frekari upplýsingar með fyrirspurnum.

Í rekstrarspá fyrir árið 2001 var gert ráð fyrir að tekjur yrðu 198 millj. kr. en gjöld alls 230 millj. kr. Mismunurinn skyldi fjármagnaður með afgangi frá fyrra ári, þ.e. 32 millj., sem reyndist síðan verða 52 millj., enda hafði eftirlitinu ekki tekist árið á undan að koma starfseminni í það umfang sem samþykkt hafði verið. Raunveruleg framvinda varð svo sú, að tekjur urðu 206 millj. kr. en kostnaður 210 millj. kr. og hefur þá tekjum og gjöldum vegna úrskurðarnefndar í váttryggingamálum verið sleppt, enda ekki beinlínis hluti af áætlanagerð og rekstri stofnunarinnar. Þetta kemur fram í eftirfarandi yfirliti:

Rekstrarreikningur 2001

<u>Tekjur</u>	Áætlun		
	millj.	Millj.	Mismunur
Tekjur af eftirlitsgjaldi	198	198	0
Vaxtatekjur.....	7	0	7
Aðrar tekjur.....	1	0	1
	<u>206</u>	<u>198</u>	<u>8</u>
<u>Gjöld</u>			
Launakostnaður.....	148	165	(17)
Annar kostnaður.....	62	65	(3)
	<u>210</u>	<u>230</u>	<u>(20)</u>
Rekstrarhalli	(4)	(32)	<u>28</u>
Yfirfært frá fyrra ári.....	<u>52</u>	<u>32</u>	
Yfirfært til næsta árs.....	<u>48</u>	<u>0</u>	

Samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila gerði athugasemd við, að eftirlitið nyti ekki vaxtatekna af ónotuðum fjárveitingum. Úr því var bætt og fékk eftirlitið 7 millj. kr. í vaxtatekjur frá Seðlabankanum á árinu. Aðrar tekjur stafa af þóknun vegna útboðslýsinga. Eins og átti við árið á undan varð launakostnaður lægri en gert var ráð fyrir í rekstrarspá og skýringin lá í því að starfsmönnum fjölgaði ekki eins mikið og spáin gerði ráð fyrir.

Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2001 er hrein eign til ráðstöfunar 48 millj. kr. Samtals námu peningalegar eignir 54 millj. kr. en skuldir 6 millj. kr. Þessi eiginfjármýndun stafar af því, að stofnunin náði ekki að auka starfsemi sína eins og samþykktar áætlanir gerðu ráð fyrir. Talsvert mun þó ganga á þessar fyrningar á árinu 2002, enda er gert ráð fyrir að hrein eign í árslok 2002 verði 3 millj. kr. Af þessari sömu ástæðu þurfti ekki að hækka eftirlitsgjöld í spám fyrir reksturinn á árinu 2002 og samkvæmt því verður rekstrarhalli á árinu 2002 um 45 millj. kr. Aukning í mannafla gekk loks eftir spám á árinu 2002 og því er rekstrarumfangið orðið það sem búast má við á næstu árum að öðru óbreyttu, þ.e. um 265 millj. kr. á ári. Með hliðsjón af þessu þurfa eftirlitsgjöld að hækka nokkuð á árinu 2003 miðað við árið á undan, en tekjur verða um 219 millj. kr. á árinu 2002 en eru ráðgerðar 265 millj. kr. fyrir árið 2003, sem svarar til rúmlega 20% hækkunar. Þessar tölur koma fram í eftirfarandi yfirliti:

Efnahagsreikningur

(millj. kr.)

	Árslok 2001	Árslok 2000	Spá 2002	Spá 2003
<u>Eignir:</u>				
Bankainnstæða.....	50	52		
Skammtímakröfur.....	4	2		
	<u>54</u>	<u>54</u>	0	0
Skuldir.....	6	2	0	0
Hrein eign.....	48	52	3	0
	<u>54</u>	<u>54</u>	3	0

Rekstrarspá - millj.kr.

Tekjur.....		219	265
Gjöld.....		<u>(264)</u>	<u>(268)</u>
Rekstrarhalli		(45)	(3)
Yfirfært frá fyrra ári.....		48	3
Yfirfært til næsta árs.....		<u>3</u>	<u>0</u>

Í skýrslu til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað eftirlitsins á árinu 2003, sbr. lög um greiðslu kostnaðar um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, kemur fram, að eftirlitið muni kappkosta að nýta til fullnustu reynslu og þekkingu starfsmanna sem nú er fyrir hendi, en ljóst má vera að tíma tekur að ná fram fullri nýtingu á reynslu og þekkingu nýráðins starfsfólks. Af þessum sökum er ekki gert ráð fyrir fjölgun starfsmanna á árinu 2003. Auk þess er á það bent í skýrslunni, að nokkrum erfiðleikum sé bundið að gera spár um mannaflapörf á næstu árum, þar sem m.a. ekki liggur fyrir hver áhrif í því efni verða af ráðgerðum breytingum á lögum um fjármálastarfsemi.

Eins og fundarmönnum er kunnugt skal Fjármálaeftirlitið eiga samskipti um áætlanagerð stofnunarinnar við Samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila. Þessi samskipti hafa að mínum dómi farið friðsamlega fram, en ágreiningur hefur þó verið um umfang á starfsemi eftirlitsins og um nauðsyn tiltekinna útgjalda. Það er skoðun mín, að það væri til þess fallið að samskipti milli nefndarinnar, sem starfar auðvitað í umboði eftirlitsskyldra aðila, gætu verið betri ef stofnunin gerði eftir föngum grein fyrir þeim verkefnum sem unnið er að á hverjum tíma, svo að nefndin megi sannfærast betur en ella um nauðsyn eftirlitskostnaðarins. Nú þegar hafa verið veittar upplýsingar í þessa veru, t.d. með ítarlegri skýrslu um mannaflapörf á síðasta ári, en betur má ef duga skal og verður áfram unnið að upplýsingamiðlun til nefndarinnar um viðfangsefnaskiptingu, auk hefðbundinna upplýsinga um kostnaðartegundir í rekstri stofnunarinnar.

Góðir fundarmenn,

Að þessu sögðu vil ég þakka stjórnarmönnum, forstjóra og starfsmönnum öllum fyrir góða samvinnu og gott starf á liðnu ári. Það er þýðingarmikið fyrir Fjármálaeftirlitið að það geti sinnt skyldum sínum samkvæmt lögum í góðri sátt við eftirlitsskylda aðila. Um leið og Fjármálaeftirlitið er reiðubúið að taka til athugunar ábendingar um það, sem betur mætti fara í starfsemi eftirlitsins að mati eftirlitsskyldra aðila, þá verða þeir á sama tíma að sýna skilning á verkefnum og þýðingu almenns markaðseftirlits sem Fjármálaeftirlitinu er ætlað að veita.

Nú tekur til máls forstjóri Fjármálaeftirlitsins, Páll Gunnar Pálsson.